



21. september 2023

Tilv.: 2303088

Dreifibréf númer: 46/2023

Til viðskiptavettvanga og miðlægra mótaðila

Efni: Viðmiðunarreglur ESMA um aðgang verðbréfamiðstöðva að viðskiptagögnum miðlægra mótaðila og viðskiptavettvanga

Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin (ESMA) hefur gefið út viðmiðunarreglur (e. guidelines) ([ESMA70-151-298](#)) um aðgang verðbréfamiðstöðva að viðskiptagögnum miðlægra mótaðila og viðskiptavettvanga í samræmi við 3. mgr. 53. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 909/2014 um bætt verðbréfauppgjör í Evrópusambandinu og um verðbréfamiðstöðvar (CSDR). CSDR er innleidd með lögum nr. 7/2020 um verðbréfamiðstöðvar, uppgjör og rafræna eignaskráningu fjármálagerninga.

Tilgangur reglnanna er að tilgreina hvers konar áhættu lögbær yfirvöld skv. CSDR, miðlægir mótaðilar og viðskiptavettvangar eiga að taka tillit til í kjölfar beiðni verðbréfamiðstöðvar um aðgang að viðskiptagögnum.

Samkvæmt viðmiðunarreglunum skal líta til lagalegrar áhættu, fjárhagslegrar áhættu og rekstraráhættu þegar heildaráhættumat skv. 3. mgr. 53. gr. CSDR er framkvæmt af miðlægum mótaðilum og viðskiptavettvöngum, og þegar lögbært yfirvald þeirra leggur mat á ástæður fyrir synjun á slíkum gögnum. Viðmiðunarreglurnar útlista nánar hvaða atriða skal taka tillit til við mat á framangreindum áhættum.

Samkvæmt 3. mgr. 16. gr. ESAs reglugerðanna, sem innleiddar voru með lögum nr. 24/2017 um evrópskt eftirlitskerfi á fjármálamarkaði, eiga lögbær yfirvöld og viðkomandi eftirlitskyldir aðilar að leita allra leiða til að fara að viðmiðunarreglum eftirlitsstofnananna og almennum tilmælum. Tilgangur viðmiðunarreglna er að koma á samhæfðri, skilvirkri og árangursríkri eftirlitsframkvæmd innan evrópska fjármálakerfisins auk þess að tryggja sameiginlega, einsleita og samræmda beitingu á löggjöf innan EES.

Fjármálaeftirlit Seðlabanka Íslands beinir því til viðskiptavettvanga og miðlægra mótaðila að kynna sér umræddar viðmiðunarreglur ESMA og taka mið af þeim í starfsemi sinni eftir því sem við á. Fjármálaeftirlitið mun jafnframt styðjast við viðmiðunarreglurnar í eftirlitsframkvæmd og við mat á því hvort kröfum samkvæmt þeim ákvæðum sem fjallað er um hér að framan er fullnægt.

Dreifibréf þetta verður birt á heimasíðu Seðlabankans ásamt slóð á enska útgáfu viðmiðunarreglnanna.

Virðingarfyllst,
SEÐLABANKI ÍSLANDS

Linda Kolbrún Björgvinsdóttir
framkvæmdastjóri
Háttsemiseftirlit

Elsa Karen Jónasdóttir
lögfræðingur
Háttsemiseftirlit

